

Atli Harðarson

Kynningarfyrirlestur 27. mars 2023

Í tilefni af framgangi í stöðu prófessors við Háskóla Íslands

Sviðsforseti, vinnufélagar og gestir. Sæl öll.

Glæra 1

1982: BA próf í heimspeki og bókmenntun frá HÍ
1984: MA próf í heimspeki frá Brown University
1986: Hóf störf við Fjölbautaskóla Vesturlands
1991: Kennsluréttindi í framhaldsskóla
2013: PhD í menntvísindum við HÍ
2014: Hóf störf sem lektor við Menntavísindasvið HÍ og lét af störfum við Fjölbautaskóla Vesturlands
2017: Dósent
2021: Prófessor

Þegar ég var beðinn að halda þetta kynningarerindi var mér sagt að ég hefði nokkuð frjálsar hendur en gefið til kynna að fólk byggist við að ég segði eitthvað um sjálfan mig og rannsóknir mínar. Til að gera það af einhverju öryggi þyrfti ég helst að þekkja mínar eigin hugsanir betur en ég geri. Þótt ég viti ýmislegt um sjálfan mig sem annað fólk veit ekki þá er vitneskja mín um eigin hug afskaplega takmörkuð. Ég veit ekki einu sinni að hve miklu leyti hugsunin er mín eigin og að hve miklu leyti vitund mín og allt sem ég get tjáð er sameign mín og annarra. Né heldur veit ég hvort hugurinn er aðeins hverful afleiðing af virkni í taugakerfinu sem hægt er að lýsa með hugtökum raunvísindanna eða hvort líkaminn er stundlegt gervi – kannski einhvers konar handabréðið – sem hluti sálarinnar leikur sér með. Mannshugurinn er leyndardómsfullur og í skrifum mínum eru ef til vill raddir sem ég sjálfur veit ekki deili á.

Þetta get ég sagt af því að ég leyfi mér þann munað að trúá sem minnstu fyrir fullt og fast en eiga heldur efahyggjuna – efahyggjuna sem margir heimspekingar hafa reynt að kveða niður – að eiga hana fyrir leikfélaga og vin. Mér þykir hún skemmtilegri en öryggi og óhagganleg sannfæring. Mig grunar líka að fyrir okkur sem vinnum að menntun sé vafinn hjálplegur – sérstaklega þar sem fólki hættir til að taka allt mjög alvarlega og vantar tvíræðni og hlátur í líf sitt. Við höfum held ég ofgnótt í kringum okkur af kokhraustri vissu og fúlustu alvöru en helst til lítið af glaðlegri undrun og spurn.

Ekki skilja mig svo að ég þykist viss um að ég aðhyllist efahyggju – til þess er ég of fávís um minn eigin hug. Það er engin leið að vita hverju ég trú þegar á reynir fyrr en á reynir og takist mér að segja nógu glögglega hvað ég held þá eins víst að mér skiljist um leið að það stenst ekki alveg.

*

Eins og þið sjáið af glærinni lauk ég doktorsprófi í menntavísindum við Háskóla Íslands árið 2013 og var ráðinn sem akademískur starfsmaður árið eftir – þá orðinn 54 ára gamall. Ég lauk MA prófi í heimspeki í Bandaríkjunum þrjátíu árum fyrr – hugleiddi þá að halda áfram í doktorsnámi og verða fræðimaður í háskóla – hafði raunar nægan áhuga á fræðunum til þess en mér leist ekki á vettvanginn – ég var ekki nógu viss um að ég ætti þar heima og gæti tileinkað mér hátterni háskólamanna. Ég var jú bara krakki úr Biskupstungum og ekki frá neinu óðalssetri heldur litlu nýbýli í Laugarási. Þetta var fyrir 40

árum og ég veit ekki hvort það skín enn í gegn að líf mitt er málað á striga úr sveitaþorpi eða hvort litir reynslunnar eru orðnir of marglaga til að undirlagið sé enn sýnilegt.

Þótt ég yfirgæfi heim háskólanna fékkst ég áfram við heimspeki sem sjálfstætt starfandi fræðimaður samhliða kennslu og síðar skólastjórnun í Fjölbautaskóla Vesturlands. Raunar sendi ég frá mér mína fjórðu bók um heimspeki árið sem ég hóf doktorsnám.



Það var árið 2009 sem ég sendi frá mér þessa fjórðu heimspekibók. Hún er málsvörn efahyggjumanns og heitir *Í sátt við óvissuna*. Þessi bók er ein af þremur bókum eftir mig í ritröð sem gefin er út af Heimspekistofnun Háskóla Íslands.

*

Ég hafði fengist við kennslu í framhaldsskóla og heimspekirannsóknir í áratugi áður en skólastarfið og rannsóknirnar tóku að mynda heild – áður en ég gerði mér grein fyrir því hvað stór hluti heimspekinnar fjallar í raun um menntun – frumspekin og þekkingafræðin um samband manns og heims og þar með um hvað við getum numið, siðfræðin og stjórnmálaheimspekin um hvort og þá hvernig við getum lært að lifa í friði og lifa vel. Þetta hefur með árunum tengst meira og meira í huga mér og nú sýnist mér vit í því sem John Dewey sagði að spurningar um menntun séu ekki á sérsviði við jaðar heimspeki og annarra fræða heldur miðlæggar í viðleitni af því tagi sem hófst með rökræðum Sókratesar fyrir meira en 2.400 árum. Ef til vill er mikilvægasta spurning siðfræðinnar jafnframt meginspurning menntavísindanna. Þetta er spurningin um hvað er gott fyrir fólk.

Það voru fræðimenn hér við Háskóla Íslands sem opnuðu augu mín fyrir því hvað spurningar um menntun, nám og kennslu eru spennandi og hvað þær eru líka erfiðar. Fyrst í stað voru það einkum Hafdís Ingvarsdóttir og Jón Torfi Jónasson sem kveiktu áhuga minn á menntavísindum en seinna Kristján Kristjánsson. Hann varð síðar aðalleiðbeinandi minn í doktorsnámi og þegar þar var komið bættist annar áhrifavaldur við sem var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson meðleiðbeinandi minn. Kristján kenndi mér um samband siðfræði og menntavísinda og Ingólfur vísaði mér veg inn í heim námskráfræðinnar. Ég er þeim báðum þakklátur og líka þriðja manningum í doktorsnefnd minni sem var David Carr.


Áður en ég held áfram að ræða um menntavísindi ætti ég líklega að segja örfá orð um þá heimspeki sem ég stundaði áður en ég hóf doktorsnám hér við sviðið. Ég held að þessi ástundun hafi ekki verið mjög markviss. Þegar ég las eða hugsaði um eitthvað fékk ég áhuga á óvæntum spurningum sem

kviknuðu. Í heimi hugmynda og rökleiðslu veit maður aldrei hvað er handan við hornið. Ég var kannski að hugsa um hvort og hvernig menn hafa frjálstan vilja og þá vaknaði spurning um tímann eða um tauganet eða glæpskuna sem tiplaði léttfætt á höfðum manna í kviðum Hómers. Leiðin var þá stutt milli raunvísinda nútímans og fornar goðafræði.

Það er ekki auðvelt að átta sig á hvað knýr mann til að vaka yfir ráðgátum um frjálstan vilja eða samband líkama og sálar eða möguleika á öruggri þekkingu – ég veit að margt fólk getur ekki slitit sig frá þeim en ég veit ekki hvers vegna. Mig grunar að í mínu tilviki hafi tveir meginkraftar togast á í huginum og haldið honum vakandi. Annar þessara krafta er löngun til að sjá reglu í heiminum – upplifa veröldina sem skipulag þar sem eru einföld lögmál á bak við margbreytileikann. Þegar ég var enn í menntaskóla las ég enskar þýðingar á bókum eftir Galileo Galilei og varð heillaður og seinna las ég svo rit eftir aðra spekinga 17. aldar sem hugsuðu um heiminn með djörfum sértekningum og heillaðist líka af Hobbes, Descartes, Spinoza og Locke. Þessir upphafsmenn nýaldarheimspeki bjuggu til kerfi hugtaka og kenninga til að skýra og skilja tilveruna. Hinn krafturinn sem togaði á móti og togar enn er vitundin um að tilveran sé auðugri af undrunarefnum en svo að nokkur kenning nái utan um allt sem er. Ég held að þessi togstreita hafi gert mig að ólæknandi heimspekingi.

Þegar ég tók að beita þeim aðferðum við rökgreiningu og textarýni sem ég lærði í skóla og æfði með skrifum bóka og greina – þegar ég tók að beita þeim til að fjalla um menntun og skrifa doktorsritgerð um námsmarkmið héldu sömu kraftarnir áfram að toga mig á milli sín. Annars vegar vildi ég kanna hvort hægt væri að einfalda þau sannindi sem mestu máli skipta um menntun og hins vegar vildi ég viðurkenna að heimur mennta og menningar er svo stór og flókinn að fráleitt er að nokkur maður rati um nema lítið brot hans.


Ég er enn þá að hugsa um námsmarkmið þótt áratugur sé liðinn frá því ég varði doktorsritgerðina og ég kem að því nánar rétt bráðum – kem að því nánar hvort við getum sagt eitthvað um tilgang menntunar. Fyrst ætla ég að tæpa á helstu viðfangsefnum mínum frá því ég var ráðinn að háskólanum.




Ég hef reynt að birta tvær ritrýndar greinar á ári. Það hefur rétt náðst að meðaltali ef ég tel með greinar sem ég hef skrifað með öðrum, sum árin hafa þær verið aðeins fleiri en færri þau þrjú ár sem ég var formaður í doktorsnámsnefnd sviðsins. Sú formennska var þó ekki síður lærdómsrík en rannsóknir og skrif. Það var mikils virði að fá að kynna viðfangsefnum doktorsnema og heyra frá þeim hvað er hægt að skoða heiminn á marga vegu. Ef ég er ekki minntur á það þá geta kraftarnir sem toga

mig til fylgis við kenningar og einfaldanir ef til vill orðið of sterkir til þess að undrunin og efinn hafi afl á móti. Ætli hugurinn mundi þá ekki bara leggjast í faðm einhverrar kjánalegrar fullvissu og dotta þar.

Greinarnar sem ég hef skrifað ýmist einn að með öðrum fjalla um námsmarkmið, fagmennsku kennara, aðferðafræði, siðfræði og siðferðilegt uppeldi, sjálfstjórn, menntastefnu og fleiri efni en það sem ég hef varið mestum tíma í er túlkun og ritskýring á skrifum um heimspekileg efni. Ég hef sem sagt skrifað um gamlar bækur eftir Aristóteles, Spinoza, Locke, já og aðeins yngri bækur eftir Dewey.



Ég hef reynt að skipta þeim tíma sem ég hef til að skrifa jafnt á milli samningar á ritrýndu efni og á efni sem ekki er ritrýnt og mér þykir mikilvægt að skrifa líka slíkt efni.



Ég þarf frelsi til að líta fyrir ýmis horn. Sumir af þeim útdúrum eiga ekkert erindi í ritrýni. Sumt af þessu er umsagnir um bækur, sumt ljóðþýðingar og greinar um bókmenntir. Sumt hugleiðingar um menntun, nám og kennslu og sumt er hugsað sem námsefni fyrir nemendur mína.

Bók mín *Tvimælis* sem Heimspekistofnun og Menntavísindastofnun gáfu út 2019 var til dæmis hugsuð fyrir kennaranema og ég nota hana sem námsefni í fjórum námskeiðum um námskráfræði. Hún átti álíka lítið erindi í nafnlausu ritrýni og eins og aðrar kennslubækur. Ritstjórnarnir tveir, Jón Torfi Jónasson og Helgi Skúli Kjartansson, hjálpuðu mér bara undir fullu nafni og ég er þeim ævinlega þakklátur.

Ég læt þetta duga um feril minn hér við Háskólann og lýk þessu erindi á að reifa efni sem ég skrifaði um á síðasta haustmisseri en þá var ég í rannsóknarleyfi. Ég á von á að greinin birtist í sérriti Access um markmið menntunar næsta haust eða vetur. Hún tengir saman nokkur af helstu rannsóknarefnum mínum undanfarin ár sem eru námsmarkmið, ritskýring á verkum Dewey's, heimspeki frá 17. öld, sjálfstjórn og hugtök um athafnir og breytni.

Glæra 6

Dewey: „Hið háleita markmið skólastarfs er að skapa hæfni til sjálfstjórnar.“

Kveikjan að þessum skrifum er það sem Dewey sagði í bók sinni *Reynsla og menntun* frá árinu 1938, að markmið skólastarfs væri að skapa hæfni til sjálfstjórnar. Hann orðaði svipaða hugsun í fyrri bók sinni um heimspeki menntunar sem heitir *Lýðræði og menntun* og kom út árið 1916, en þar gerði hann tilraun til að skilgreina hugtakið menntun og tilgreindi að hún yki getu okkar til að stýra framvindu eigin reynslu. Samkvæmt þessu hefur menntun einn megintilgang sem er að geta stjórna lífi sínu – að öðlast hæfni til sjálfstjórnar.

Fleiri heimspekingar hafa reynt að orða megintilgang menntunar og skólastarfs. Í bók frá 2020 leggur Kristján Kristjánsson til dæmis til að megintilgangur skóla skuli vera farsæld nemenda og það er innifalið í farsældarhugtakinu hjá honum að nemendur verði bæði góðir menn og að þeir lifi góðu lífi. Í nýlegri bók um menntaheimspeki segir Philip Kitcher að yfirmarkmiðin séu þrenns konar: Að fólk menntist í fyrsta lagi til að sjá sér farborða og geta unnið gagnleg störf. Í öðru lagi til þess að geta tekið fullan þátt í lýðræðislegu samfélagi og í þriðja lagi til að öðlast lífsfyllingu sem sumir kalla farsæld og aðrir hamingju. (Ég geri ráð fyrir að þið þekkið Kristján og ég þurfi ekki að segja ykkur hver hann er. Fyrir þau sem ekki kannast við Philip Kitcher er vert að nefna að hann er með merkustu talsmönnum verkhyggju í heimspeki nútímans og hefur fjallað um vísindaheimspeki, siðfræði, listir og trúarbrögð auk þess að skrifa stórviki um heimspeki menntunar. Kitcher var hér á landi í síðasta mánuði í heimsókn við Lista-háskóla Íslands og það var Ingimar Waage sem bauð honum hingað.)


Kenningar Kristjáns og Kitchers er líkar um margt og ég efast um að þá greini á um neitt sem máli skiptir. En kenning Deweys er öðru vísi – einhvern veginn á öðru plani – þar sem áherslan er ekki á að kennarar og uppalendur leiði börnin eða nemendurnar á neinn tiltekinn áfangastað heldur á að þau geti sjálf stjórnað því hvert þau fara. Sjálfstjórn er markmið af öðru tagi en farsæld þótt vel megi vera að þetta tvennt fari oft saman.

Hér er ef til vill rétt að slá einn varnagla. Að ræða um markmið menntunar er ekki alveg það sama og að ræða um markmið skóla því skóli getur haft fleiri markmið en að mennta nemendur. Hann getur sinnt undirmarkmiðum sem eru forsendur fyrir að menntun heppnist og líka hliðarmarkmiðum eins og e.t.v. að stuðla að heilbrigði nemenda. Það er gott og mikilvægt markmið en heilbrigði er ekki það sama og menntun, þótt vissulega þurfi menntun til að meta hvað er hollt og hvað óhollt.

Bakgrunnur hugmynda Deweys um að menntun sé einkum til að færa fólki sjálfstjórn eru skrif frá sautjándu öld eftir upphafsmenn upplýsingarstefnunnar, þá Benedict Spinoza og John Locke sem báðir ræddu um skynsamlega sjálfstjórn sem hið æðsta hnoss. Líkt og þeir taldi Dewey að þetta hnoss væri torfengið – við næðum aldrei fullkominni sjálfstjórn en yrðum ævinlega að einhverju marki á valdi náttúrulegmála, félagslegra hefða og sálrænna krafta sem við hefðum takmarkaðan skilning á og takmarkaða kosti á að víkja okkur undan.

Menntun getur samkvæmt því sem þessir þremmenningar segja – og um þetta tala þeir nokkurn veginn einum rómi sem er rödd upplýsingarinnar – menntun getur fært okkur aukna sjálfstjórn og gert okkur í minna mæli að leiksoppum annarlegra afla. Við skyldum þó ekki vænta neinnar fullkomnunar í þessum efnum. Við erum jú frá bernsku háð náttúrulegum málum og félagsmótun sem við ráðum ekki yfir.

Sjálfstjórnin sem þeir lýsa felst í því að geta látið þekkingu og skynsamleg rök stjórna athöfnum sínum. Getan til að gera þetta er af tvennu tagi. Annars vegar geta til að móta skynsamleg áform og framkvæma þau jafnvel þótt það sé í trássi við sumar langanir eða venjur. Hins vegar geta til að færa eigin langanir og venjur til samræmis við bestu fánlega þekkingu og skynsamleg rök. Þið sjáið af myndinni að það eru tvær leiðir frá þekkingu og skynsamlegum rökum til athafa eða verka. Önnur liggur gegnum áform eða ákvarðanir



Sjálfstjórn einstaklings er samkvæmt þessu ekki fólgin í því einu að geta framkvæmt eigin ákvarðanir. Hún krefst þess líka að áformin séu ekki tilkomin fyrir dynti og duttlunga heldur vegna þess að viðkomandi áttar sig á hvað er til góðs – þau séu til komin af skynsamlegum ástæðum. Við þurfum að komast alla leið frá þekkingu og skynsamlegum rökum til athafna þar sem eru milliliðir á leiðinni. Stundum eru þessir milliliðir tveir – áform eða ákvörðun og hvöt eða löngun og stundum virkar skynsamleg hugsun beint á hvatir og langanir.


Þremmenningarnir Spinoza, Locke og Dewey voru á einu máli um að þekking stjórnaði okkur ekki milli-liðalaust. Hún gerði það með því að breyta hvötum okkar. Þeir hugðu líka að hvatir okkar til verka ættu sér ævinlega orsakir, væru hluti af gangi náttúrunnar, en ef orsakirnar væru skilningur okkar og þekking á því hvernig veruleikinn er og hvað er best og réttast að gera þá væru þær okkar eigin – þá væri stjórnin á athöfnum okkar eiginleg sjálfstjórn. Eina raunverulega sjálfstjórnin er samkvæmt þessu skynsamleg sjálfstjórn þar sem einstaklingur lagar eigin hug að hlutlægri þekkingu.

Það er hægt að heimfæra þetta bæði upp á einstaklinga og samfélög og fullt vit í að segja að samfélag sé menntað að því marki sem það getur mótað skynsamleg áform og framkvæmt þau eða látið þekkingu og rök móta venjur og siði. Ég þarf víst ekki að taka fram að öll samfélög hafa takmarkaða sjálfstjórn í þessum skilningi. Það sama má segja um einstaklinga. Menn þurfa ekki að vera með fíknisjúkdóm eða skrýtna árátta til að ruglast hvað eftir annað til að gera hluti sem þeir eru hundóánægðir með og standast ekki gagnrýni og yfirvegað mat.

Til að móta áform í samræmi við bestu fánlega þekkingu þarf menntun í mörgum greinum. Kenning Deweys samræmist því vel að sönn menntun feli í sér lestur, skrift og reikning, vísindi, tækni, listir og fræði. Henni fylgir líka sálfræðilegt líkan af athöfnum sem skýrir hvernig nám, rökræður og leit að þekkingu vinna gegn hvatvísi, bráðræði, hugsunarleysi og sjálfvirkum viðbrögðum. Samkvæmt þessari heimspekilegu sálfræði móta lærdómur og leit að þekkingu sjálf manna og gera tilfinningarnar viturlagri. Menntun bætir því ekki bara við þekkingu okkar heldur breytir því hver við erum. Menntun til sjálfstjórnar í þessum skilningi felur í sér djúpar breytingar og hefur áhrif á sjálf okkar, hátterni og gildismat.

Kenning Deweys um megintilgang menntunar er áhugaverð meðal annars vegna þess hvernig hún dregur fram tengsl menntunar og skynsemi. Hugtökin menntun og skynsemi eru jú tengd. Mótun sem gerir menn óskynsamari getur varla talist menntun – ekki heldur þótt hún auki hamingju þeirra. Ég ætla samt ekki að halda því fram að þessi tenging við skynsemi segi alla sögu um hvað menntun er. Hugtakið hefur flókin landamæri að öðrum hugtökum og sums staðar eru óviss mörk eða grá svæði. Sama má segja um fleiri gildishlaðin hversdagshugtök, til dæmis réttlæti og lýðræði. Fullkomin skilgreining er ekki þekkt og tilraunir til að nálgast hana enda gjarna með greinagerðum sem eru heljarmiklir doðrantar.

Hugtökin sem við kunnum að nota eru, rétt eins og málfræðireglurnar sem við fylgjum án þess að hugsa okkur um, talsvert flóknari en svo að við getum orðað pottþéttar skilgreiningar. Fólk sem heldur sjálft að það viti nákvæmlega hvað það meinar með orðunum sem það segir á ef til vill sitt hvað sameiginlegt með fólkinu sem telur sig ævinlega vita hvað það vill og hverju það trúir. Það er ekki aðeins jafn fávíst og við hin um leyndardóma mannhugans heldur líka eins og einhvern veginn grunlaust um eign fávísku. (Ég fann ekki sjálfur upp á að segja þetta. Þessi hugsun er frá Sókratesi.)



Nú læt ég þessu lokið. Ég hef sagt ykkur frá því sem ég hef hugsað mest um upp á síðkastið. Ég hef líka sagt sögu mína. Ef ég segi hana aftur verður hún trúlega öðru vísi því ég er langt frá því að vera viss um að þetta sé rétta sagan. Ég er heldur ekkert mjög viss um að það sem ég hef reynt að segja um markmið menntunar sé endanlegur sannleikur. Það að maður hafi fengið nokkra kubba til að passa saman og myndin virðist ætla að líta vel út þýðir ekki að allt dæmið gangi upp.

Takk fyrir að koma og takk fyrir að hlusta.